


Youthpass í ungmennaskiptaverkefnum Færni til framtíðar




Erasmus+

Efnisyfirlit

Formáli
Af hverju
håndbók?

1. Youthpass í Ungmennaskiptum	5
1.1 Uppbygging Youthpass	7-12
1.2 Af hverju Youthpass?	13-14
1.3 Hvernig á að nota Youthpass?	15
2. Námsumhverfið	16
2.1 Ólíkar tegundir náms	17-19
2.2 Ungmennaskipti sem námsvettvangur	20
2.3 Virk þátttaka	21
3. Youthpass ferlið	
3.1 Samspil leiðbeinanda og þátttakanda	25-26
3.2 Færniþátturinn „læra að læra“	27-29
3.3 Ígrundun	30-32
3.4 Hvað þarf að hafa í huga þegar Youthpass er fylltur út?	33
Áhugavert efni	34
Heimildaskrá	35

Formáli




Í gegnum Erasmus+ Youth samstarfsáætlunina býðst ungu fólki tækifæri til að afla sér þekkingar og færni í gegnum þau ólíku verkefni sem áætlunin hefur upp á að bjóða.

Í þessari handbók verður lögð áhersla á að útskýra hvað Youthpass felur í sér og þá sérstaklega hvað er átt við með Youthpass námsferlinu í ungmennaskiptaverkefnum áætlunarinnar. Fjallað er um hlutverk leiðbeinandans og þann stuðning sem er æskilegur til þess að ungu fólki farnist vel í að nýta sér Youthpass í ungmennaskiptaverkefnum. Notast verður við orðið leiðbeinandi yfir enska heitið youth worker í handbókinni.

Ýmsar hagnýtar handbækur eru til á ensku um Youthpass og er handbók þessi að ákveðnu leyti byggð á því efni og staðfært miðað við reynslu höfundar af Youthpass. Markmið handbókarinnar er að veita upplýsingar um Youthpass og er hún sérstaklega miðuð að ungmennaskiptaverkefnum en nýtist einnig í öðrum verkefnum þar sem hægt er að nýta Youthpass. Einnig er stuðst við efni sem SALTO, upplýsingamiðstöðvar Erasmus+ Youth, hafa gefið út.

Vangaveltur höfundar


- af hverju handbók?



Eftir að hafa starfað sem þjálfari innan áætlunarinnar undanfarin ár þá hef ég orðið vör við að skilningi á Youthpass og notagildi hans hefur verið ábótavant. Það tók mig töluverðan tíma að fá innsýn og reynslu af því að nýta hann sjálf í bæði verkefnum með ungu fólki og á námskeiðum sem ég sótti innan áætlunarinnar.


Bætt aðgengi að upplýsingum um Youthpass á íslensku er því mikilvægur þáttur í að auka skilning og notkun á Youthpass. Við fyrstu sýn virðist ekki ýkja flókið að nýta sér Youthpass en mín reynsla hefur verið sú að þegar að ungt fólk ætlar svo að nýta sér hann þá hikar það. Þeim finnst oft á tíðum flókið að skilja færniþættina og fylla út þann hluta Youthpass sem snýr að sjálfsmati þátttakenda. Auk þátttakenda virðast leiðbeinendur einnig vera hikandi og er því handbók þessari ætlað að auðvelda aðgengi að Youthpass og þeim tækifærum sem leynast í nýtingu hans.

1. Youthpass í ungmennaskiptum



Í gegnum ungmennaskiptiverkefni gefst ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast reynslu af því að skipuleggja, þróa og framkvæma verkefni ásamt því að kynnst öðru ungu fólki frá Evrópu. Evrópusambandið styður við áætlunina í ljósi þess hve mikinn ávinning þátttakan hefur fyrir ungt fólk. Ávinningurinn er bæði áþreifanlegur, eins og bætt tungumálakunnátta, og óáþreifanlegur, eins og efling sjálfsvitundar og aukið sjálfstraust hjá þátttakendum.

Youthpass var fyrst tekinn í notkun árið 2007 og þróaður fyrir tilstuðlan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Youthpass virðist við fyrstu sýn eingöngu vera viðurkenningarskjal en er í raun matstæki fyrir ungt fólk til að draga fram þá þekkingu og færni sem hlýst af þátttöku í verkefnum áætlunarinnar. Með þessu er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að sýna fram á mikilvægi þess að reynsla og óformlegt nám séu færð í orð og viðurkennd sem lærdómur sem eflir persónulega færni og möguleika ungs fólks til áframhaldandi náms og á vinnumarkaði.




Formlegt nám (e. formal learning)

er skipulagt og fer fram innan
viðurkenndra menntastofnanna.
Náminu lýkur oftast með prófgráðu.



Óformlegt nám (e. non-formal learning)

er skipulagt og fer fram utan
hins formlega menntakerfis
t.d í félagsmiðstöðvum,
símenntunarmiðstöðvum,
vinnustöðum o.s.frv. Náminu lýkur
oftast með viðurkenningu á þátttöku.




Formlaust nám (e. informal learning)

er ekki skipulagt og er sá lærdómur
sem á sér stað ómeðvitað í gegnum
daglegar athafnir t.d á heimilinu, í
vinnunni eða í frítímanum.

Erasmus+ Youth er skilgreind sem menntaáætlun sem styður við óformlegt nám. Óformlegt nám á sér einkum stað fyrir utan hið hefðbundna skólakerfi sem er vísað til sem hins formlega náms. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins er óformlegt nám ekki veitt af menntastofnun en felur þó í sér ásetning af hálfu þátttakenda og hefur skilgreind markmið, ferli og stuðning. Í óformlegu námi skiptir meira máli hvað gerist í námsferlinu heldur en að fylgja fyrirfram ákveðinni áætlun um námsframvindu. Einnig skipta miklu máli þær aðferðir sem notaðar eru til að styðja við þátttakendur í námi og að skapaður sé vettvangur sem hvetur þátttakendur til að ígrunda eigið námsferli.

1.1 Uppbygging Youthpass



Þegar lýsa á þeim lærdómi sem hlotist hefur með þátttöku í verkefninu í Youthpass, býðst þátttakendum að nýta færniþætti um „nám alla ævi“ (e. Lifelong learning).

Árið 2006 skilgreindi Evrópusambandið umgjörð um færniþætti sem öll menntunarstig gátu nýtt, þar á meðal óformlegt nám. Umgjörðin var uppfærð árið 2018 sem og útfærslan af uppbygginu færniþátta Youthpass.

Umgjörðin lýsir helstu færniþáttum sem allir einstaklingar þurfa til að vegna vel í vinnu og einkalífi, félagslegri þátttöku, borgaralegri virkni og til að lifa sjálfbæru og heilsusamlegu lífi. Færniþáttur er sambland þekkingar, færni og viðhorfa.

Youthpass er þrískiptur:




1.hluti Viðurkenningarskjal sem vottar að viðkomandi tók þátt í ungmennaskiptaverkefni. Þar koma fram persónuupplýsingar, tímalengd verkefnis og almenn lýsing á hvað verkefnið faldi í sér.

2.hluti Ungmennaskiptaverkefnið sjálft þar sem koma m.a. fram upplýsingar um samtökin/ hópana og helstu viðfangsefni verkefnisins.

3. hluti Sjálfsmat þátttakenda á þeim lærdómi sem dreginn var með þátttöku í verkefninu. Þessum hluta Youthpass er skipt í átta færniþætti sem lýst er á mynd á næstu síðu. Mikilvægt er að þátttakendur hafi góðan skilning á hvað hver færniþáttur felur í sér. Þriðja hluta Youthpass þurfa þátttakendur sjálfir að fylla út, að hluti krefst þess að þeir geti ígrundað þá reynslu sem þeir hafa öðlast með þátttöku í verkefninu og lagt mat á þann lærdóm sem átt hefur sér stað. Mörgum reynist færniþátturinn sem felur í sér námsfærni (e. personal, social and learning to learn competence) flókinn þar sem hann krefst þess að þátttakendur skipuleggi og taki ábyrgð á eigin námi og reynist þeim oft erfitt að átta sig á hvað það felur í sér.

1.1 Uppbygging Youthpass




Við þróun Youthpass var sérstaklega horft til mikilvægis þess að þátttakendur fengju stuðning við að skipuleggja og ígrunda þann lærdóm sem draga mátti af reynslunni. Í lengri verkefnum áætlunarinnar, eins og t.d sjálfboðaliðaverkefnum, er ætlast til þess að sjálfboðaliðar fái mentor en þegar kemur að styttri verkefnum innan áætlunarinnar er það verkefnastjóri eða leiðbeinandi í hverju verkefni fyrir sig sem ber ábyrgð á að aðstoða þátttakendur með Youthpass ferlið.


Hægt er að finna ítarlegri upplýsingar um uppbyggingu og tæknileg atriði Youthpass á www.youthpass.eu




Persónuleg, -
félagsleg og
námsfærni



Fjöltyngi



Borgaravitund




Frumkvöðlastarf


Youthpass færniþættir



Menningarvitund
og tjáning



Stafræn
færni



Stærðfræðifærni
og færni í vísindum,
tækni, verkfræði



Læsi

1



Persónuleg, -félagsleg og námsfærni

- Að taka ábyrgð á og skipuleggja eigið nám.
- Að geta dregið lærdóm af reynslu.
- Samskiptafærni og að geta tekist á við deilumál á uppbyggilegan hátt.
- Að geta tekist á við óvissu og sýnt þrautseigju.
- Að hlúa að andlegri og líkamlegri vellíðan.

2



Fjöltyngi

- Vera fær um að tjá sig og skilja mismunandi tungumál.
- Ná að tileinka sér jákvætt viðhorf gagnvart menningarmun.
- Að geta tjáð hugsanir og tilfinningar munnlega og/ eða skriflega.
- Að geta nýtt tungumálið til eðlilegra samskipta.
- Forvitni um menningarlegan fjölbreytileika og þvermenningarleg samskipti eru mikilvæg viðhorft tengt þessum færniþætti.

3



Borgaravitund

- Að vera ábyrgur samfélagsþegn og geta tekið virkan þátt í samfélaginu.
- Að hafa þekkingu á félagslegum, efnahagslegum, lagalegum og stjórnmálalegum hugtökum og hugmyndum um lýðræði, borgaravitund og borgaraleg réttindi.
- Hnattræn þróun og sjálfbærni.

4



Frumkvöðlastarf

- Frumkvæði til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.
- Að vera skapandi og finna upp á nýjungum.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og aðferðir.
- Verkefnastjórnun og samvinna.

5



Menningarvitund og tjáning

- Að skilja mikilvægi skapandi tjáningar á hugmyndum, reynslu og tilfinningum.
- Meðvitund um menningu nærumhverfis, evrópska og hnattræna.
- Færni til að tjá hugmyndir og tilfinningar með listrænum hætti.
- Hreinskilni og forvitni eru mikilvæg viðhorf tengt þessum færniþætti.


6



Stafræn færni

- Ábyrg vinnubrögð með tækni upplýsingasamfélagsins.
- Stafrænt læsi, framleiðsla á efni og virðing fyrir höfundarétti.
- Hagnýting efnis óháð tækni.
- Forvitni og færni til að vinna með efni á gagnrýnin hátt.

7



Stærðfræðifærni og færni í vísindum, tækni, verkfræði

- Geta og vilji til þess að nýta aðferðir stærðfræðinnar við úrlausn hversdagslegra vandamála og áskoranna.
- Geta og færni til þess að nýta þekkingu til þess að útskýra, koma auga á spurningar og komast að niðurstöðum sem hafa verið sannreynðar með athugunum.
- Geta til að nýta rökvísa og gagnrýna hugsun, beita tæknilausnum og setja fram niðurstöður og rökstuðning.

8



Læsi

- Að skilja og tjá hugsanir, tilfinningar og staðreyndir munnlega, skriflega eða með öðrum hætti, og í samskiptum við aðra.
- Læsi er grunnurinn að frekara námi.
- Þátttaka í gagnrýnni og uppbyggilegri umræðu.
- Meðvitund um áhrif tungumáls á aðra er mikilvægt í þessum færniþætti.

1.2 Af hverju Youthpass




Eins og fram hefur komið er Youthpass meðal annars viðurkenning á þátttöku og sem slíkur getur hann verið notaður sem t.d. viðauki við ferilskrá þegar sótt er um vinnu eða nám. Það er menntunargildi í Youthpass, í honum felast möguleikar til þess að auka við lærdóm í verkefnum áætlunarinnar og viðurkenningarskjal Youthpass gerir lærdóminn einnig sýnilegri. Með því að fylgja námsferlinu og undirbúa afrakstur náms með Youthpass, þurfa þátttakendur að skipuleggja, fylgja, koma auga á, meta og skilja sinn eigin lærdóm. Þátttakendur hafa oftast reynslu af formlegri menntun en þeir gætu verið að lenda í fyrsta skipti í aðstæðum þar sem þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir eigin lærdómi og þróun.

Af hverju ættu þátttakendur að nýta sér Youthpass?

- Þau geta lýst því hvað þeir hafa gert og lært í skilgreindu verkefni.
- Þau öðlast orðaforða til að lýsa færni sinni.
- Þau gera sér betur grein fyrir hæfni sinni.
- Þau gera sér betur grein fyrir að hægt er að læra á ólíkan hátt.
- Þau geta útskýrt færni sína betur fyrir öðrum t.d í atvinnuviðtali, í skólanum eða verkefnum í framtíðinni.
- Þau hafa formlega viðurkenningu um þátttöku í ungmennaskiptaverkefninu.
- Þau geta sýnt vinum og vandamönnum fram á ávinning af þátttöku í verkefninu.


1.2 Af hverju Youthpass



Vangaveltur um hvernig hægt er að nýta Youthpass koma oft upp hjá þátttakendum í verkefnum áætlunarinnar og þá hvort hann sé viðurkenndur af atvinnurekendum. Erfitt er að segja til um það hvaða sýn atvinnurekendur hafa á Youthpass en ljóst er að þörf er á að kynna hann betur í samfélaginu. Það notagildi sem Youthpass hefur á vinnumarkaði snýr meira að því að ná að yfirfæra þá reynslu sem ungt fólk öðlast með þátttöku í verkefnum yfir í nýja þekkingu, aukna færni og/eða breytt viðhorf. Í nútímasamfélagi er gerð krafa um að einstaklingar séu stöðugt að þróast og sækja sér nýja þekkingu og hæfni til þess að geta verið samkeppnisfært á síbreytilegum vinnumarkaði. Virðið og verðmætin fyrir einstaklinginn liggja ekki eingöngu í því að sækja sér þekkingu heldur er mikilvægt að einstaklingurinn geti yfirfært þá þekkingu sem hann öðlast hvort sem það er í formlegu eða óformlegu námi og beitt henni.

Í óformlegu námsumhverfi eins og áætlunin býður upp á gefast margvísleg tækifæri til þess að þróa færni og gildi sem nýtast á vinnumarkaði, eins og félagsfærni, aðlögunarfærni, félagslega ábyrgð og tungumálafærni.

1.3 Hvernig á að nota Youthpass




Youthpass á að nýta bæði við upphaf verkefnis, á meðan á því stendur og í lokin til ígrundunar og mats. Þó svo að lokið sé við gerð og útfyllingu Youthpass í lok verkefnis, er hann í stöðugri þróun gegnum allt verkefnið. Líta ber á Youthpass sem námsferli þar sem samtal og endurgjöf leiðbeinandans er mikilvægur þáttur til þess að hægt sé að draga fram færni, breytt viðhorf eða jafnvel nýja þekkingu.

Youthpass getur aukið gæði verkefna áætlunarinnar á margvíslegan hátt:

- Í gegnum Youthpass ferlið verður ígrundun reynslunnar betur uppbyggð og þar með eykst menntunargildi verkefnisins. Ígrundunin gerir þátttakendur virkari í námsferli sínu með því að gera þau meðvitaðri um eigin færni, sem auðveldar þeim að nýta færni í framtíðinni. Þar með styður Youthpass vegferð ungs fólks í lífinu öllu.
- Með því að lýsa þeirri færni sem hlýst með þátttöku í verkefnunum er mikilvægi æskulýðsstarfs almennt einnig undirstrikað.

2. Námsumhverfið



Ungmennaskiptaverkefni fela í sér margþætta námsreynslu sem getur verið allt í senn meðvituð og ómeðvituð, undirbúin eða óundirbúin. Afrakstur námsins eykst í réttu hlutfalli við þær óvæntu og óútreiknanlegu aðstæður sem þátttakandinn lendir í og þess háttar aðstæður geta sannarlega skapast innan verkefnisins.

Verkefnið er í raun ævintýri fyrir þátttakendur og eins og í öllum ævintýrum koma upp aðstæður sem erfitt er að sjá fyrir. Þrátt fyrir að lagt sé af stað í ævintýrið með ákveðna áætlun í huga er mikilvægt að hafa í huga að áætlanir geta breyst og þróast þegar að sjálfum ungmennaskiptunum kemur. Engu að síður er áætlanagerð mikilvægur þáttur af verkefninu. Án hennar yrði meira um ófyrirséða og óútreiknanlega atburði sem líklega yrðu stundum of margir og myndu tvímælalaust hafa áhrif á gæði verkefnisins.


2.1 Ólíkar tegundir náms



Alla jafna er lítið á nám sem ferli þar sem þekkingar eða færni er aflað. Ekki er eingöngu hægt að tala um það ferli út frá einstaklingnum því námsferlið er einnig samspil einstaklings og umhverfis. Formlegt nám hefur ákveðna uppbyggingu, fer fram undir utanaðkomandi umsjón og notast við staðla og vottun. Formlaust nám er það nám sem á sér stað á hverjum degi án þess að við gefum því gaum. Óformlegt nám er hins vegar sjálfspróttið, framkvæmt með ásetningi nemandans en með aðstoð en ekki undir umsjón annarra. Það má segja að óformlegt nám sé einskonar blanda formlegs og formlauss náms.

Óformlegt nám fer fram við fjölbreyttar aðstæður og í margvíslegu umhverfi. Þetta hefur víðtæk áhrif á þá sem taka að sér skipulagningu þess. Hér að neðan er að finna vangaveltur um það hvernig þrískipting náms kemur fram innan ungmennaskiptaverkefnisins.

2.1 Ólíkar tegundir náms



Formlegt nám

Formlegt nám á sér sjaldan stað innan verkefnisins. Aðstæður þar sem slíkt nám myndi gagnast væru til dæmis ef þörf væri á sérhæfðri þekkingu til þess að geta tekist á við viðfangsefni verkefnisins sem færi fram innan formlegrar menntastofnunar.


Óformlegt nám

Óformlegt nám er aðal námstegundin sem notuð er innan verkefnisins. Skipulagning óformlegs náms innan verkefnisins er margþætt ferli sem getur orðið til þess að víkka sjóndeildarhring þeirra sem taka þátt í því og leitt þá frá hinu óhlutbundna að hlutlægari nálgun. Ferlið felur í sér að:

- Skipuleggja og undirbúa verkefnið
- Framkvæma verkefnið
- Miðla niðurstöðum verkefnisins

Óformlega námið á sér að mestu stað á þeim sviðum sem helst eru fyrirsjáanleg og tengjast mest viðfangsefnum sjálfs verkefnisins.

2.1 Ólíkar tegundir náms



Formlaust nám

Formlaust nám er í raun alltaf í gangi en sérstaklega við aðstæður sem eru þátttakendum nýjar og óútreiknanlegar. Þessa tegund náms er ekki hægt að skipuleggja. Það á sér stað í frítíma, í vinnunni, á ferðalögum, á námskeiðum eða til dæmis þegar beðið er í röð í búðinni. Mikið nám á sér stað með þessum hætti en vegna þess hversu óútreiknanlegt það er í eðli sínu koma þátttakendur oft ekki auga á afrakstur þess fyrr en löngu eftir að það á sér stað. Það getur tekið mörg ár að gera sér grein fyrir mikilvægi ákveðinna aðstæðna fyrir einstaklinginn og líf hans. Oft á tíðum áttar þátttakandinn sig ekki á því hvað hann hefur lært í þessu samhengi fyrr en sjálf ungmennaskiptin eru afstaðin og er því mikilvægt fyrir leiðbeinandann að hjálpa þátttakandanum þegar heim er komið að skilja hvað hann lærði meðan hann var upptekinn við að gera annað.

2.2 Ungmennaskipti sem námsvettvangur




Ungmennaskiptaverkefnið er námsvettvangur þar sem þátttakendur eru hvattir til að draga lærdóm af reynslu sinni og er gengið út frá því að hún sé uppspretta lærdóms.

Youthpass getur aukið gæði námsferlisins og hjálpað þátttakendum að miðla reynslunni með skýrri framsetningu á niðurstöðum úr sínu námi og um leið gert þær sýnilegar fyrir m.a. atvinnurekendum, menntastofnunum, og fleirum. Lengi vel var litið svo á að það að sitja með bók og reyna að muna eins mikið af upplýsingum og mögulegt var væri eina leiðin til þess að læra. Námshefur á síðustu árum þróast og orðið mun víðtækara og fjölbreyttara. Flestar nútíma kenningar líta á nám sem lifandi ferli sem varir til æviloka. Við lærum stöðugt, líkt og allar aðrar lifandi verur, hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki. Þess vegna er lykilspurningin hvað varðar ungmennaskipti sem reynslumiðað nám ekki „að læra, já eða nei?“ heldur frekar:

- Hvernig má auka gæði ungmennaskiptaverkefna sem námsferlis?
- Hver er nytsemi þess að nýta kosti óformlegs náms og hvernig tengist það framtíðarþörfum þátttakenda?
- Hvernig undirbýr námið þátttakendur fyrir áskoranir framtíðarinnar?
- Hvernig verða þátttakendur sem best í stakk búnir til að miðla þekkingu sinni?

2.3 Virk þátttaka



Virki þátttaka ungs fólks er eitt af mikilvægustu áherslum áætlunarinnar. Í ungmennaskiptum er það merki um gæði verkefnis þegar ungt fólk eru virkir þátttakendur á öllum stigum verkefnisins frá því að hugmyndin að ungmennaskiptaverkefni kviknar og þar til lokaskýrslu verkefnisins er skilað.

En hvað felur virki þátttaka í sér? Prófessorinn Roger Hart hefur mikið unnið með og skrifað um virka þátttöku og hvernig stuðla megi að raunverulegri þátttöku í stað stað þess að hún sé aðeins að nafninu til. Hann setti fram kenningu um 8 þrepa þátttökustigann þar sem hann skilgreinir virka þátttöku út frá þremur efstu þrepum þátttökustigans. Það sem greinir efstu þrjú þrepin í sundur er hvaðan frumkvæðið kemur og hvernig aðkoma leiðbeinanda er að verkefninu. Eftir því sem neðar er farið í þátttökustiganum, því minni er virki þátttaka ungs fólks og verkefnið unnin á forsendum leiðbeinanda. Á neðsta þrepinu er látið líta út eins og ungt fólk hafi verið með í ráðum en engin virki þátttaka ungs fólks er til staðar. Eitt það mikilvægasta í virkri þátttöku er að verkefni séu unnin á jafningjagrundvelli.


Þátttökustigi Harts

Lykilspurningar?


- Á hvaða stigi er verkefnið hvað varðar virka þátttöku ungs fólks?
- Á hvaða stigi ætti verkefnið að vera til að það geti verið gæðaverkefni?
- Hverju þarf að breyta í framkvæmd verkefnisins til að auka virka þátttöku ungs fólks?

Ekki virk þátttaka

Mikilvægt er að hafa í huga að á stigi 1-3 er ungu fólki gerð upp þátttaka og látið líta út eins og það hafi meiri áhrif á verkefnið heldur en raun ber vitni. Þar er það fullorðna fólk þ sem hefur völd og lætur líta út eins og ungt fólk hafi verið með í ráðum.



3. Youthpass ferlið



Þó að þátttakandinn og upplifun hans og úrvinnsla á reynslu sé í forgrunni í reynslumiðuðu námsferli, eins og við notkun Youthpass, er hlutverk þess sem leiðbeinir einnig mikilvægt.

Leiðbeinandinn fylgir þátttakendum í gegnum Youthpass ferlið og aðstoðar þau við að koma auga á áhugaverða námsþætti. Hann fylgist með þeirri persónulegu þróun sem á sér stað hjá þátttakendum og getur komið auga á framþróun á hæfni og breytingar á þekkingu og viðhorfum. Þetta innsæi hins utanaðkomandi getur reynst ómetanlegt fyrir námsferlið. Leiðbeinandinn hjálpar til við að skýra afrakstur námsins og getur aðstoðað þátttakendur við að tilgreina nákvæmlega hvað þeir hafa lært og hvernig, með virku samtali og opnum spurningum.

3.1 Samspil leiðbeinanda og þátttakenda


Þegar kemur að Youthpass ferlinu skiptir máli að leiðbeinandinn sé til staðar til að veita þann stuðning sem þörf er á. Auðvitað eru þarfir þátttakenda mismunandi en mikilvægt er fyrir leiðbeinandann að veita viðeigandi stuðning svo þátttakendur geti nýtt Youthpass ferlið sem best. Gott er fyrir leiðbeinendur að hafa eftirfarandi þætti í huga til að geta veitt viðeigandi stuðning:

- Þekking: hafa þekkingu á uppbyggingu Youthpass og notagildi hans og geta stutt við ígrundun þátttakenda.
- Virk hlustun: hlutverk leiðbeinandans er að tileinka sér virka hlustun og endurgjöf til þess að styðja við námsferlið og á sama tíma virða frumkvæði þátttakenda í náminu.
- Áhugi: mikilvægt er fyrir þátttakendur að leiðbeinandinn sýni starfinu áhuga og þetta samspil leiðbeinanda og þátttakenda er ekki síður tækifæri fyrir leiðbeinandann til að þróa með sér færni og þekkingu.
- Hvati: ýmsar hindranir geta komið í veg fyrir að þátttakendur nái að nýta sér ungmennaskiptanámsferlið og hlutverk leiðbeinanda er að lágmarka áhrif þeirra hindrana sem verði á vegi þátttakandanna og aðstoða þau við að yfirvinna þær.


Leiðbeinandi

Þátttakandi

Youthpass færniþættir




3.2 Færniþátturinn „læra að læra“



Það getur verið áskorun fyrir þátttakendur að bera ábyrgð á eigin námi og tileinka sér óformlegt námsferli.

Þarna kemur hæfnin „læra að læra“ til sögunnar. Í henni felst að þróa færni til þess að sækja sér lærdóm og halda sér við efnið, að skipuleggja eigið nám með árangursríkri stjórnun á tíma og upplýsingum, bæði einn og sér og í hóp. Þessi hæfni felur í sér meðvitund um námsferli og þarfir og að komið sé auga á þau tækifæri sem bjóðast og getu til þess að yfirstíga hindranir til þess að tryggja árangursríkt nám. Umrædd hæfni felur í sér að geta nálgast, unnið úr og skilið sér til gagns nýja þekkingu og hæfileika sem og að geta leitað og nýtt sér leiðsögn. Færnin að „læra að læra“ hvetur þátttakendur til þess að byggja á sínu fyrra námi og reynslu til þess að nýta og beita þekkingu í mismunandi samhengi, heima fyrir, í vinnunni, við menntun eða þjálfun.

3.2 Færniþátturinn „læra að læra“



„Lærum að læra“ felur í sér að:

- Koma auga á það sem vekur námsáhuga og setja námsmarkmið
- Bera kennsl á og nýta margskonar tækifæri til að læra
- Geta lært þvert á menningarheima
- Geta tekist á við hindranir í námi og viðhaldið hvata
- Tileinkað sér sjálfsstýrt nám, þ.e. taka stjórn og ábyrgð á eigin námi
- Nota aðferðir ígrundunar sem einstaklingur eða í hóp
- Geta nýtt upplýsinga- og samskiptatækni til náms
- Geta aðlagð þekkingu að mismunandi umhverfi


3.2 Færniþátturinn „læra að læra“



„Lærum að læra“ færnin er margþætt blanda af þekkingu, færni og viðhorfum sem þarf að takast á við skref fyrir skref. Stundum vantar þessa færni hjá þátttakendum, sérstaklega ef þeir hafa litla reynslu af sjálfstýrðu og óformlegu námsumhverfi.


Í hinu formlega menntakerfi fer nám enn mikið fram í formi lestrar, endurtekningar og utanbókarlærdóms og ekki alltaf lögð nægjanleg áhersla á að rýna í námsferla og vekja fólk til meðvitundar um þá. Æskulýðsstarf og lífið sjálft gefa af sér virðisauka sem felst í þróun þekkingar á „lærum að læra“ ásamt tilsvarendi færni og viðhorfum.

3.3 Ígrundun



Þegar unnið er með reynslumiðað nám verður mikilvægi ígrundunar fyrir nám ljóst. Ígrundun gerir okkur kleift að líta til baka á það sem við höfum upplifað, skilja það sem hefur gerst og nýta það til að móta ný hugtök og þankagang. Fólk hefur mismikinn áhuga og getu til þess að ígrunda, á þetta jafnt við um þátttakendur og aðra. Sumir hafa þörf fyrir samræður til að geta hafið ígrundun, meðan aðrir þurfa að vera einir með sjálfum sér áður en þeir geta byrjað að ræða reynslu sína. Sumt fólk hefur þörf fyrir að vinna úr reynslu sinni á myndrænan hátt eða á öðru formi en með orðum meðan á ígrundun stendur en aðrir vilja lesa eitthvað til að tengjast betur því sem verið er að ígrunda. Mikilvægt er að þátttakendur fái að ígrunda með þeim hætti sem hentar þeim. Gagnlegt er að nota leiðandi spurningar til að hvetja til ígrundunar. Slíkar spurningar geta hjálpað til við að beina athygli að sérstökum þáttum eða til dýpri ígrundunar og aukins skilnings. Áður en ígrundunarferlið hefst, gæti verið góð hugmynd að safna saman ástæðunum fyrir því að ígrunda. Skilningur á forsendum ígrundunar getur hvatt þátttakendur til þess að vera móttækilegri fyrir því að nýta sér þessa námsaðferð.

3.3 Ígrundun



Hér eru dæmi um spurningar sem geta komið ígrundun af stað:

- Hvaða augnablik voru best, hvað gerðist og hvers vegna voru þau best?
- Hvaða augnablik voru verst, hvað gerðist og hvers vegna voru þau verst?
- Hvernig brástu við og hvernig hefðir þú viljað bregðast við?
- Hvað vakti hjá þér undrun? Af hverju varstu undrandi?
- Hvernig gætir þú aukið á jákvæðu reynsluna? Hvaða tilfinningar vekur hún hjá þér?
- Hvernig gætir þú dregið úr neikvæðri reynslu? Hvaða áskoranir fólust í henni? Hvað getur hún kennt þér?
- Upplifðir þú eitthvað alveg nýtt? Gætir þú kallað þá reynslu nám?
- Hvað lærðir þú og í hvaða aðstæðum gerðist það? Hvernig nýttist sá lærdómur þér í námi, vinnu eða lífinu?

3.3 Ígrundun



3.4. Hvað þarf að hafa í huga þegar Youthpass er fylltur út?





Við lok verkefnisins er komið að þeim tímapunkti að skrifa niður sjálfsmat á þeim færniþáttum Youthpass sem þátttakandinn hefur valið sér. Færniþættirnir eru skilgreindir í 8 flokka en þeir eru samt sem áður tengdir og byggja á hver öðrum. Ekki er ætlast til að þátttakendur fylli út alla 8 færniþættina og fer það eftir viðfangsefnum og umfangi verkefnanna hversu margir færniþættir eiga við. Einnig fer það eftir þátttakandanum sjálfum hvaða færniþætti hann hefur áhuga á að leggja áherslu á. Í einhverjum tilvikum getur það átt við að þátttakendur ná ekki að tengja þá færni sem þau hafa öðlast með þátttöku í verkefninu við þessa átta færniþætti. Ef það er raunin geta þátttakendur skrifað þá færni sem þau hafa öðlast undir aðra færni (e. other specific skills) sem er neðst í skjalinu.

Ef þátttakendur ætla sér að nota Youthpass í atvinnuleit er gott að hafa textann ekki of langan, 4-5 línur við hvern færniþátt er hæfilegt viðmið. Hægt er að skrifa sjálfsmat óháð því hver mun lesa það og hafa eitt skjal þannig útprentað en annað skjal styttra og hnitmiðaðra sem viðbót við ferilskrá. Sumir þátttakendur hafa ákveðið að nýta sér þann möguleika að hægt er að óska eftir fleira en einu eintaki af Youthpass.

Áhugavert efni



- Heimasíða Youthpass.
www.youthpass.eu
- ONE 2 ONE. Supporting Learning Face-to-Face.
https://www.youthpass.eu/downloads/13-62-276/Publication_121_Final.pdf
- Youthpass for all. Recognising skills of young people with fewer opportunities.
www.salto-youth.net/youthpassforall
- Youthpass and learning to learn. Ideas for practioners.
https://www.youthpass.eu/downloads/13-62-54/TheYouthpassProcess_100923_S.pdf
- Youthpass for absolute beginners.
https://www.youthpass.eu/downloads/13-62-69/11-148%20Youthpass_brosjyre_2.korr.pdf
- 9 þrep Æskulýðsstarfs
<http://allirflottir.is/9-threp-aeskulydsstarfs/>
- Youthpass stefna
<https://www.youthpass.eu/en/about-youthpass/youthpass-strategy/>



Heimildaskrá



- Buchroth, I. og Parkin, C. (ritstjórar.) (2010). Using theory in youth and community work practice. Exeter: Learning matters.
- European commission education & Training. (án dags.). Validation of non-formal and informal learning. Skoðað 2. febrúar 2015 á vef European commission Education & Training:
http://ec.europa.eu/education/lifelong-learning-policy/doc52_en.htm
- Kolb, D.A. (2015). Experiential Learning. Experience as the source of learning and development. Upper Saddle river, NJ: Pearson Education. Second Edition.
- Hebel,v.M., Kloosterman,P., Markovic,D.(2009). Youthpass Guide.(SALTO-YOUTH Training and Cooperation Resource Centre). http://www.european-citizenship.org/repository/6_Youthpass_Guide_2009.pdf
- Menntamálaráðuneytið. (2010). Mótun stefnu um nám alla ævi: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Motun_stefnu_um_nam_alla_aevi.pdf
- SALTO-YOUTH Training and Cooperation Resource Centre. (2010). Youthpass in the EVS training cycle. https://www.youthpass.eu/downloads/13-62-57/Publication_YP_EVS.pdf
- SALTO-YOUTH Youth Participation Resource Centre. (2008). Coaching Youth Initiatives. Guide for Supporting Youth Participation. <https://www.salto-youth.net/downloads/4-17-1531/coaching%20guide%202008.pdf>

Youthpass er

tæki til að styðja við ígrundun
þátttakenda og meta lærdómsreynslu
í Erasmus+ og European Solidarity
Corps verkefnum.

viðurkenningarskjal
sem vottar þátttöku
og lýsir verkefninu.

gert til að auka sýnileika náms
í Erasmus+ og European
Solidarity Corps verkefnum.

byggt á hugmyndafræði
um óformlegt nám.

sjálfsmat á þeirri færni sem
þátttakendur hafa öðlast með
þátttöku í verkefnum áætlunarinnar.

Youthpass í ungmennaskiptaverkefnum - færni til framtíðar

Höfundur: Elísabet Pétursdóttir

Útgáfa: Rannís, Reykjavík 2021

Hönnun og umbrot: Daniel Astbury

Handbók þessa má eigi afrita án skriflegs leyfis útgefanda.



Erasmus+